



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

## Ákvörðun nr. 23/2016

### **um niðurfellingu kvaða á smásöllumarkaði fyrir aðgang að fasta almenna talsímanetinu og heildsöllumarkaði fyrir upphaf símtala í fasta almenna talsímanetinu (markaðir 1-2/2008)**

Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) hefur með vísan til 17. gr. laga nr. 81/2003, um fjarskipti, ásamt síðari breytingum, greint smásöllumarkað fyrir aðgang að fasta almenn talsímanetinu (markað 1/2008)<sup>1</sup> og heildsöllumarkað fyrir upphaf símtala í fasta almenna talsímanetinu (markaður 2/2008).<sup>2</sup>

Með bréfi, dags. 7. október 2016, voru drög að greiningu á ofangreindum mörkuðum lögð fram til samráðs, þar sem Samkeppniseftirlitinu og fjarskiptafyrirtækjum var boðið að gera athugasemdir við markaðsgreininguna og fyrirhugaðar niðurstöður. Samkeppniseftirlitið sendi inn athugasemdir og tók fram að stofnunin teldi greininguna vel unna, þjóna markmiðum sínum og væri sammála PFS um niðurstöður hennar. Síminn kom því á framfæri við PFS að fyrirtækið myndi ekki gera athugasemdir vegna greiningarinnar.

Með bréfi, dags. 22. nóvember 2016, tilkynnti PFS formlega til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) drög að ákvörðun um markaði 1 og 2, ásamt viðaukum, í samræmi við ákvæði 1. mgr. 7. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, og tilmæli skv. 7. gr. rammatilskipunarinnar. Með bréfi, dags. 21. desember 2016, barst PFS álit ESA á framangreindum drögum. Í álitinu kemur fram að ESA gerir engar efnislegar athugasemdir við greininguna og afnám kvaða á umræddum mörkuðum. ESA hvetur PFS til fylgjast vel með að allar kvaðir sem lagðar eru á heildsöllumarkaði heimtaugaleigu og bitastraumsaðgangs (markaðir 4/2008 og 5/2008), sbr. ákvörðun PFS nr. 21/2014 séu uppfylltar og undirbúa framkvæmd efnahagslegs hermiprófs svo beita megi því með skömmum fyrirvara rísi grunur um að Míla uppfylli ekki jafnræðiskvöð þá sem lögð er á fyrirtækið á ofangreindum mörkuðum 4/2008 og 5/2008.

Einnig bendir ESA á að í ljósi mikillar markaðshlutdeildar Símans á mörkuðum fyrir talsímaþjónustu sem fari hægt minnkandi skuli PFS fylgjast vel með þróun og samkeppnisstöðu þeirra markaða svo stofnunin geti gripið hratt inn í með nýrri markaðsgreiningu komi upp samkeppnisvandamál á þeim, t.d. vandamál með aðgang að viðeigandi heildsöluvörum svo sem bitastraumsaðgang fyrir VoIP þjónustu.

Bréf ESA má finna í viðauka B með ákvörðun þessari.

<sup>1</sup> Markaður nr. 1 í tilmælum Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) frá 5. nóvember 2008.

<sup>2</sup> Markaður nr. 2 í tilmælum Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) frá 5. nóvember 2008.

Greining á mörkuðum 1 og 2 hafa nú verið uppfærðar í samræmi við þær athugasemdir sem teknar voru til greina. Uppfærða greiningu á mörkuðum er að finna í viðauka A með ákvörðun þessari.

## 1. Niðurstaða markaðsgreiningar

PFS hefur skilgreint viðkomandi markað í samræmi við 16. gr. laga um fjarskipti. Þar sem markaðurinn er ekki lengur í tilmælum ESA um viðkomandi markaði og hans er ekki getið í viðauka með reglugerð um markaðsgreiningar á sviði fjarskipta nr. 741/2009, var framkvæmt mat skv. 4. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar á því hvort markaðurinn uppfylli þau skilyrði sem þarf til þess að til greina komi að beita fyrirfram (ex ante) kvöðum gagnvart fyrirtækjum á markaðnum. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar eru þau skilyrði sem þarf að uppfylla eftirfarandi:

- a. að um sé að ræða miklar og viðvarandi aðgangshindranir,
- b. að markaður sé þannig uppbyggður að ekki sé að vænta virkrar samkeppni í nánustu framtíð,
- c. að beiting samkeppnisréttar myndi ekki nægja ein og sér til að bæta úr þar sem markaðurinn hefur brugðist.

Niðurstaða greiningar PFS var sú að markaðirnir uppfylltu ekki lengur skilyrði a, þar sem ekki sé lengur um að ræða miklar og viðvarandi aðgangshindranir og því beri að aflétta kvöðum sem lagðar hafa verið á fyrirtæki á þessum markaði. Varðandi frekari rökstuðning fyrir þessari niðurstöðu vísast til viðauka A og B með ákvörðun þessari.

## 2. Kvaðir á viðkomandi mörkuðum

Með ákvörðun PFS nr. 8/2013, dags. 18. júní 2013, sem birt var í kjölfar markaðsgreiningar á smásölumarkaði fyrir aðgang að fasta almenn talsímanetinu (markaður 1), voru eftirtaldar kvaðir lagðar á Símann:

- Forval og fast forval
- Kvöð um aðgang; Leiga á talsímalínu á heildsölustigi
- Kvöð um jafnræði
- Kvöð um gagnsæi
- Kvöð um bókhaldslegan aðskilnað
- Kvöð um eftirlit með gjaldskrá; Hámarksverð ákvarðað með kostnaðargreiningu.
- Kvöð um kostnaðarbókhald

Með ákvörðun PFS nr. 36/2012, dags. 14. desember 2012, sem birt var í kjölfar markaðsgreiningar á heildsölumarkaði fyrir upphaf símtala í fasta almenna talsímanetinu (markaður 2), voru eftirtaldar kvaðir lagðar á Símann:

- Kvöð um að veita aðgang
- Kvöð um jafnræði
- Kvöð um gagnsæi
- Kvöð um bókhaldslegan aðskilnað
- Kvöð um eftirlit með gjaldskrá; Hámarksverð ákvarðað með verðsamanburði.

Þar sem markaðir 1 og 2 uppfylla ekki lengur skilyrði sem þarf til þess að leggja megi á fyrirfram kvaðir með vísan til 3. mgr. 4. gr. reglugerðar um markaðsgreiningar á sviði fjarskipta og skuldbindinga skv. EES samningnum hefur PFS ákveðið að fella niður ofangreindar kvaðir á Símann á mörkuðum 1 og 2.

Samkvæmt 6. mgr. 9. gr. reglugerðar um markaðsgreiningar á sviði fjarskipta ber PFS að tilkynna þeim sem ákvörðunin hefur áhrif á með hæfilegum fyrirvara um niðurfellingu kvaða áður en viðkomandi ákvörðun kemur til framkvæmdar. Með hliðsjón af þessu hefur PFS ákveðið að kvaðir á mörkuðum 1 og 2 falli niður í árslok 2017.

### **3. Gildistaka ákvörðunar og kæruleið**

Ákvörðun þessi tekur gildi frá þeim degi sem hún er birt og verður í gildi þar til annað er ákveðið af Póst og fjarskiptastofnun.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskostsgjald að fjárhæð 150.000 kr., skv. 6. gr. reglugerðar nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

Reykjavík, 23. desember 2016

---

Hrafnkell V. Gíslason

---

Óskar H. Ragnarsson

Meðfylgjandi:

Viðauki A – Greining á mörkuðum 1 og 2.

Viðauki B – Athugasemdir ESA.